

## REGLUGERÐ

um (14.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Loratadinum	Lyf í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi	CLARITYN töflur 10 mg	Gegn ofnæmi. Skammtar: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: Ein tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varúð: Barnshafandi konum og konum með barn á brjósti er einungis ráðlagt að nota lyfið í samráði við lækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. apríl 1993.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. mars 1993.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

nr. 136

## REIKNINGUR

Tryggingasjóðs viðskiptabanka fyrir árið 1991.

Rekstrarreikningur 1. janúar – 31. desember 1991.

### Tekjur:

Árgjöld viðskiptabanka . . . . .	154 928 019
Verðbætur og vextir af verðbréfum . . . . .	147 295 394
Vaxtatekjur af bankainnstæðum . . . . .	161 886
	<hr/>
Tekjur alls	302 385 299

### Gjöld:

Stjórnarlaun . . . . .	1 307 303
Annar rekstrarkostnaður . . . . .	200 000
Verðbreytingagjöld . . . . .	59 158 779
	<hr/>
Gjöld alls	60 666 082

---

Hreinar tekjur 241 719 217

---

**Efnahagsreikningur 31. desember 1991.****Eignir:**

Innstæða í Seðlabanka Íslands . . . . .	386 615
Áfallnir vextir . . . . .	523 514
Verðbréf . . . . .	1 073 720 105
	<hr/>
	1 074 630 234

**Eigið fé:**

Frá fyrra ári . . . . .	773 752 238
Hreinar tekjur skv. rekstrarreikningi . . . . .	241 719 217
Verðbreytingagjöld . . . . .	59 158 779
	<hr/>
	1 074 630 234

**Áritun endurskoðenda**

Ársreikning þennan fyrir Tryggingasjóð viðskiptabanka höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1991, efnahagsreikningi 31. desember 1991, ásamt skýringum. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir sem nauðsynlegar þóttu.

Að okkar áliti gefur ársreikningurinn skýra mynd af afkomu og efnahag sjóðsins fyrir árið 1991.

Reykjavík, 14. febrúar 1992,

**Stefán Svavarsson,**  
lögg. endurskoðandi

**Gunnlaugur Arnórsson,**  
aðalendurskoðandi  
Seðlabanka Íslands.

**Áritun stjórnar**

Reykjavík, 31. mars 1992,

**Arnlfjótur Björnsson.**

**Ólafur Örn Ingólfsson.**

**Valur Valsson.**

**Staðfesting viðskiptaráðherra**  
Viðskiptaráðuneytið, 2. apríl 1992.  
**Jón Sigurðsson.**

**SKIPULAGSSKRÁ**

**fyrir Minningarsjóð Guðbjargar Þorleifsdóttur og  
Túbals Karls Magnússonar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðbjargar Þorleifsdóttur og Túbals Karls Magnússonar.